



LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA
REYKJAVÍKURBORGAR
RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

Alþingi 125/1190
Erindi nr. þ
komudagur 24. 3. 2000

Reykjavík, 22. mars 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með vísan til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar frá 7. þ.m. þar sem óskað er eftir umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um ofangreint frumvarp er hér með staðfest að ekki eru gerðar athugasemdir við það í þeirri mynd sem það nú er enda hefur það markmið lífeyrissjóða sveitarfélaga náðst með 9. grein frumvarpsins. En hún felur það í sér að þessum lífeyrissjóðum verður heimilt að breyta samþykktum sínum um viðmið eftirlauna til samræmis við þær reglur sem gilda um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eins og skýrt er tekið fram í greinargerð um 9. gr. frumvarpsins.

Einnig hefur verið tekið tillit til sjóðsins í bráðabirgðaákvæði hvað varðar skuldabréf, sem fyrir gildistöku laganna voru móttækin sem uppgreiðsla lífeyrisskuldbindinga.

f.h Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar